

**216. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Íþróttamiðstöðinni á
Jaðarsbökkum,
miðvikudaginn 17. maí 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2305105 - Farsæl frístund

Kynning frá Hjálmi Dór Hjálmssyni á vinnu starfshóps um farsælt frístundastarf á vegum Íþróttabandalags Akraness.

Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Hjálmi Dór Hjálmssyni fyrir áhugaverða kynningu á verkefninu Farsæl frístund sem starfshópur á vegum ÍA vinnur að.

Guðmunda Ólafsdóttir, Heiðrún Janusardóttir og Hjálmur Dór Hjálmsson víkja af fundi.

2. 2303156 - Uppbygging við Jaðarsbakka - Starfshópur

Kynning á skipulagslýsingu vegna mögulegrar uppbyggingar á Jaðarsbökkum skv. viljayfirlýsingu milli Ísoldar fasteignafélags ehf., ÍA, KFÍA og Akraneskaupstaðar.

Lagt fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð þakkar Höllu Mörtu Árnadóttur fyrir kynninguna.

Halla Marta Árnadóttir víkur af fundi.

3. 2301006 - Fundargerðir 2023 - menningar- og safnanefnd

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.